Gjaldskrá og reglur vegna stöðuleyfa í Grundarfjarðarbæ

1. **grein. Markmið og gildissvið**

Reglur þessar gilda skv. gr. 2.6.1. í byggingarreglugerð nr. 212/2012 um stöðuleyfisskylda hluti sem ætlað er að standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu slíkra lausafjármuna:

- Hjólhýsi (frá 1. okt. til 1. maí)
- Gáma (sem ætlaðir eru til flutninga)
- Báta
- Torgsöluhús
- Frístundahús í smíðum sem ætluð eru til flutnings
- Stór samkomutjöld

Reglurnar gilda einnig um aðra sambærilega lausafjármuni en þá sem eru tilgreindir eru í gr. 2.6.1. í byggingarreglugerð.

Ekki er sótt um stöðuleyfi vegna mannvirkja sem skv. 55. töluliið gr. 1.2.1. í byggingarreglugerð eru byggingarleyfisskyld, en það eru t.d. tímabundnir dvalarstaðir manna á sama stað í fjóra mánuði eða meira, svosem starfsmannabúðir eða húsvagnar. Ekki þarf að sækja um stöðuleyfi vegna mannvirkja sem undanþegin eru byggingarleyfi. Heimilt er að veita stöðuleyfi vegna flutnings á byggingarleyfisskyldu mannvirki sé ekki búið að samþykkja byggingarheimild eða leyfi.

Ekki þarf að sækja um stöðuleyfi vegna geymslu á svæðum þar sem sérstaklega eru skipulögð til geymslu lausafjármuna. Ekki þarf að sækja um stöðuleyfi fyrir muni á geymslusvæði bæjarins í Ártúni 8. Ekki þarf að sækja um stöðuleyfi fyrir geymslu báta á hafnarsvæði. Með skipulögðu svæði er átt við að gert sé ráð fyrir geymslu eða staðsetningu lausafjármuna í aðal- eða deiliskipulagi og/eða að gert sé grein fyrir slíkum svæðum á lóðauppdrætti mannvirkis.

Stöðuleyfi skal ekki veitt lengri tíma en 12 mánaða í senn nema á grundvelli skýrra heimildarákvæða í skipulagi.

2. **grein. Leyfisveitandi**

Byggingarfulltrúi veitir stöðuleyfi, en kveðið er nánar á um útfærslu í samþykkt um stjórn Grundarfjarðarbæjar.

3. **grein. Frágangur og ábyrgð**

Ekki skal veitt stöðuleyfi vegna gáma í íbúðahverfi eða frístundabyggð nema í tengslum við byggingarframkvæmdir sem veitt hefur verið leyfi fyrir.

Ekki er heimilt að stafla gámum ofan á gáma eða geyma lausa muni ofan á gámum.

Samþykki eiganda lóðar eða lóðarhafa skal fylgja ef hann er ekki eigandi lausafjármunar. Sé sótt um stöðuleyfi á lóð fjöleignarhúss skal liggja fyrir samþykki eigenda í samræmi við ákvæði laga um fjöleignarhús 26/1994.

Ekki er heimilt að staðsetja lausafjármuni nær lóðamörkum en sem nemur hæð lausafjármunar nema með samþykki aðliggjandi lóðarhafa. Ekki er heimilt að staðsetja lausafjármun í námunda við götu eða gangstétt þannig að hann takmarki yfirsýn eða valdi vandkvæðum við umhirðu eða öryggi vegarins.

Sé Grundarfjarðarbær lóðarhafi eða eigandi/umsjónarmaður lands gefur skipulagsfulltrúi út samþykki fyrir hönd bæjarins í umboði skipulags- og umhverfisnefndar, en kveðið er nánar á um útfærslu í samþykkt um stjórn Grundafjarðarbæjar.

Ávallt ber að staðsetja lausafjármuni þannig að almenningi stafi ekki hætta af og að ekki sé hætta á að eldur geti borist frá þeim í aðliggjandi hús. Ennfremur skal þess gætt að aðgengi slökkviliðs eða annarra viðbragðsaðila að aðliggjandi húsum sé ekki torveldað með staðsetningu þeirra.

Handhafi stöðuleyfis er ábyrgur því að ekki skapist hætta vegna lausafjármuna. Þar sem það á við hverju sinni er hann ábyrgur fyrir því að hreinlætisaðstaða í og við lausafjármuni uppfylli ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, auk annarra laga og reglugerða um fráveitur, aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eftir því sem við á.

Frágangur lausafjármuna skal almennt vera snyrtilegur. Gámar eða sambærilegir lausafjármunir skulu vera eins lítið sýnilegir og kostur er frá aðliggjandi götum, lóðum, stígum eða opnum svæðum.

4. grein. Umsókn um stöðuleyfi

Sækja skal um stöðuleyfi með rafrænum hætti á þar til gert eyðublað í þjónustugátt á heimasíðu Grundarfjarðarbæjar. Koma skal fram tímalengd stöðuleyfis og tilgangur í umsókninni.

Með umsókn um stöðuleyfi skal að lágmarki fylgja einfaldur uppdráttur, ss. loftmynd, lóðarblað eða afstöðumynd sem sýnir staðsetningu lausafjármunar innan lóðar. Í flestum tilvikum nægir einföld skýringarmynd þar sem staðsetning lausafjármunar er t.d. handteiknuð. Tilgreina þarf staðsetningu lóðar, t.d. með heimilisfangi, staðfangi eða landnúmeri. Sé um torgsöluhús að ræða skal tilgreina lengd fyrirhugaðs sölutímabils og opnunartíma ef við á. Sé lausafjármunur staðsettur nær lóðamörkum en sem nemur hæð hans skal skila inn samþykki aðliggjandi lóðarhafa. Gera þarf grein fyrir öryggi lausafjármuna með tilliti til eldhættu, fokhættu, mengunarhættu og aðgengi viðbragðsaðila eftr því sem við á.

Leyfisveitanda er heimilt að krefja eiganda um frekari gögn telji hann þörf á því, s.s. nákvæmari uppdrætti, teikningar og rökstuðning þar að lútandi áður en umsókn er tekin til afgreiðslu.

Leyfisveitanda er heimilt að hafna umsóknum sem berast ef hann telur að sú notkun sem í umsókninni er lýst uppfylli ekki almennar kröfur sem lýst er í reglum þessum, ákvæði í aðal- eða deiliskipulagi, samrýmist ekki öðrum samþykktum sveitarfélagsins eða sé af augljósum ástæðum of íþyngjandi m.t.t. til grenndarhagsmuna eða öryggis.

Sé óskað eftir stöðuleyfi fyrir fleiri en einn lausafjármun á sömu lóð í sömu umsókn er gert ráð fyrir að gefið sé út eitt stöðuleyfi óháð fjölda lausafjármuna, þó ekki ef um sölustarfsemi er að ræða.

5. grein. Stöðuleyfi vegna sölustarfsemi

Sækja skal um stöðuleyfi vegna langvarandi torgsölu, jafnvel þó hún fari fram í sölubifreið eða hreyfanlegum söluvagni sem kann að vera fjarlægður tímabundið. Sölustarfsemi má ekki hamla eða trufla umferð um svæði. Handhafi stöðuleyfis vegna sölustarfsemi skal afla allra tilskilinna leyfa sem kunna að eiga við og láta þau fylgja umsókn. Leyfishafi skal hlíta gildandi lögum, reglum og viðmiðum sem yfir starfsemi hans ná.

Ávallt ber að gæta hreinlætis og er söluaðila skylt að sjá til þess að umhverfi sölusvæðis sé haldið hreinu. Hann skal skila sínu sölusvæði í sama ástandi og hann tók við því. Verði skemmdir á svæðinu áskilur leyfisveitandi sér rétt til að lagfæra þær á kostnað leyfishafa

Útlit söluvagns eða söluskála skal fara vel í umhverfinu. Efnisnotkun, ásýnd og yfirbragð skulu vera vönduð og vel við hæfi á þeim stað sem sala fer fram. Greina skal frá viðföngum, s.s. sorpílátum, skiltum, merkingum og þjónustuborðum í stöðuleyfisumsókn.

Óheimilt er að setja upp hvers kyns auglýsingaskilti og merkingar vegna sölustarfsemi utan við skilgreint sölusvæði leyfishafa. Skilti innan skilgreinds sölusvæðis má aðeins auðkenna viðkomandi sölustarfsemi.

Leyfisveitandi áskilur sér rétt til að afturkalla stöðuleyfi ef áform eru um að sölusvæðið verði notað í opinberum tilgangi. Ennfremur skal leyfishafa vera skylt að laga sig að vega- og byggingaframkvæmdum eða sérstökum viðburðum á sölusvæðum sem geta leitt til tímabundins flutnings eða stöðvunar á starfsemi. Leyfishafa skal tilkynnt um slíkar ráðstafanir við fyrsta tækifæri. Ekki eru greiddar bætur eða veittur afsláttur af stöðuleyfisgjöldum vegna tímabundinnar stöðvunar eða óþægindi, né þau endurgreidd.

Stöðuleyfisumsóknir vegna sölustarfsemi kunna að vera lagðar fyrir skipulags- og umhverfisnefnd og áskilur leyfisveitandi sér allt að fjögurra vikna frest í kjölfar fundar til að grenndarkynna söluáform fyrir eigendum nærliggjandi lóða og ef til vill öðrum handhöfum stöðuleyfa með sölustarfsemi á sama svæði.

Leyfisveitanda er heimilt að hafna umsóknum ef hann telur starfsemina ekki fela í sér sölustarfsemi eða að starfsemin uppfylli ekki viðmið um fjölbreytileika og að framboð sé af mismunandi þjónustu á sölusvæði.

Nú eru umsóknir um torgsölu fleiri en það svæði sem er í boði rúmar, og þá áskilur leyfisveitandi sér rétt til að láta þá njóta forgangs sem þegar eru með sölu á svæðinu ef reynsla af viðkomandi hefur almennt verið góð. Ennfremur geta þeir notið forgangs sem eru með lögheimili í sveitarfélaginu, eiga hér fasteign eða eru með starfsemi. Einnig áskilur leyfisveitandi sér rétt til að líta til fjölbreytileika og að framboð verði af sem fjölbreyttastri þjónustu á sölusvæði, og þá skulu þeir sem vanda til umsókna og þeirra upplýsinga sem þar koma fram njóta þess. Að öðru leyti eru umsóknir um stöðuleyfi vegna sölustarfsemi teknar til afgreiðslu í þeirri röð sem þær berast. Sé umsókn talin ófullnægjandi vegna skorts á upplýsingum eða óljósum gögnum fer hún "aftast í röðina" við þær aðstæður.

Stöðuleyfisgjald vegna sölustarfsemi felur einungis í sér kostnað við afgreiðslu stöðuleyfi en er að öðru leyti ekki tekjuskapandi fyrir bæinn og greiðir ekki kostnað við uppbyggingu eða umsjón á aðstöðu sölusvæðis.

6. grein. Frístundahús í smíðum til flutnings

Sækja skal til byggingarfulltrúa um stöðuleyfi vegna frístundahúss í smíðum sem ætlað er til flutnings. Umsókn skal undirrituð af eiganda eða ábyrgðarmanni frístundahússins og skal fylgja samþykki eiganda þeirrar jarðar, landspildu eða lóðar sem fyrirhugað er að frístundahúsið standi á. Með umsókn skal hönnuður skila inn aðaluppdráttum ásamt séruppdráttum af byggingunni. Ennfremur skal vera skráður byggingarstjóri og eftir atvikum aðrir iðnmeistarar í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

7. grein. Heimild til að fjarlægja lausafjármuni.

Hafi ekki verið sótt um stöðuleyfi vegna leyfisskyldra lausafjármuna skal eiganda veittur hæfilegur frestur til að fjarlægja lausafjármun eða sækja um leyfi vegna hans, en skal slíkur frestur þó ekki vera lengri en fjórar vikur. Hafi ekki verið brugðist við er heimilt að láta fjarlægja lausafjármun og skal hann þá geymdur á geymslusvæði bæjarins að Ártúni 8. Kostnaður við geymsluna er þá eftir gjaldskrá geymslusvæðis. Kostnaður við flutning er ennfremur greiddur af eiganda lausafjármunar. Ennfremur áskilur Grundarfjarðarbær sér rétt til að leggja á tímagjald skv. gjaldskrá fyrir vinnu starfsmanna byggingarfulltrúaembættisins vegna samskipta við eiganda í aðdraganda þess að þvingunarúrræðum sé beitt, enda er sá kostnaður ekki hluti af almennum rekstri málaflokksins. Hafi lausafjármunur verið færður til geymslu á geymslusvæði verður hann ekki afhentur fyrr en kostnaður við beitingum þvingunarúrræða er að fullu greiddur.

Sama á við ef handhafi stöðuleyfis uppfyllir ekki skilyrði stöðuleyfis eða ákvæði reglna þessara, sbr. byggingarreglugerð og lög um mannvirki nr. 160/2010.

Liggi ekki fyrir hver er eigandi lausafjármunar er nægjanlegt að sett sé tilkynning um yfirvofandi aðgerðir á lausafjármuninn sjálfan.

Byggingarfulltrúi hefur heimild til að fjarlægja tafarlaust og án aðvörunar lausafjármun sé talin stafa af honum sérstök hætta, t.d. mengunar- eða slysahætta, og greiðist þá kostnaður við aðgerðir og geymslu með sama hætti.

8. grein. Gjaldtaka

Bæjarstjórn tekur ákvörðun um fjárhæð stöðuleyfisgjalda. Skal fjárhæð gjalds taka mið af kostnaði við afgreiðslu umsókna og almennum kostnaði skipulags- og byggingarsviðs við eftirlit og utanumhald við málaflokkinn.

Sé umsókn um stöðuleyfi lögð fyrir fund, t.d. afgreiðslufund byggingarfulltrúa eða fund skipulags- og umhverfisnefndar, skal greitt afgreiðslugjald í samræmi við gjaldskrá. Sé talin þörf á grenndarkynningu vegna stöðuleyfisumsóknar skal greitt fyrir grenndarkynningu samkvæmt gjaldskrá.

Kostnaður við þvingunarúrræði og viðbrögð við brotum greiðist af eiganda lausafjármunar, sbr. 7. grein.

9. Grein. Grundvöllur og gildistaka

Reglur þessar eru settar með vísan til 51. gr. og 9. liðar 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og kafla 2.6. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 með síðari breytingum. Þær eru samþykktar í bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar þann 12. mars 2026 og taka gildi við birtingu á vef bæjarins. Ennfremur samþykkti bæjarstjórn að fjárhæð stöðuleyfisgjalds yrði krónur 39.500.